

Ár 2023, sunnudaginn 5. febrúar, klukkan 14.05 er haldinn aðalfundur í Siglingaklúbbnum Þyts, kt. 680978-0189, Strandgötu 88, 220 Hafnarfirði. Fundurinn er haldinn á starfsstöð félagsins að Strandgötu 88, Hafnarfirði.

Til fundarins var boðað með tilkynningu sem birt var á vefsetri félagsins þann 22. janúar 2023, auk þess sem frétt um aðalfundinn var dreift í Facebook hópum félagsmanna.

Sóttu eftirtaldir félagsmenn fundinn:

Markús Pétursson, Pétur Már Jónasson, Ágústa Valdís Sverrisdóttir, Árni Áskelsson, Ólafur Á Axelsson, Jón Rafn Sigurðsson, Benedikt Páll Jónsson, Guðbjörg Arnardóttir, Bjarki Þór Jónsson, Þura Z. Þórðardóttir, Tryggvi Jónsson Jóhannes Mackrander, Daníel Kr. Pétursson, Rán Pétursdóttir, Jamie Fryer, Kristján Freyr Karlsson, Þórður Ólafur Þórðarson, Helga veronica Foldar, Jóhann K. Berthelsen, Þórður Helgason.

Auk félagsmanna sækir fundinn Finnur Torfi Stefánsson, lögmaður.

FUNDARGERÐ

Formaður félagsins, Markús Pétursson, setur fundinn og býður fundarmenn velkomna til fundarins.

Markús gerir því næst tillögu um að Finnur Torfi Stefánsson taki að sér fundarstjórn og Þórður Ólafur Þórðarson taki að sér ritun fundargerðar. Sætti það ekki andmælum af hálfu fundarmanna.

Fundarstjóri lýsti því yfir að fundarstjóri liti svo á, að með því að boðun fundarins fór fram með auglýsingu á vefsetri félagsins þann 22. janúar sl., auk þess sem félagsmönnum hafi verið gert viðvart um fundinn á Facebook-hópum einstakra iðkendahópa félagsmanna, þá liti fundarstjóri svo á, að teknu tilliti til þess að fundurinn er sóttur af 20 félagsmönnum félagsins, að fundurinn sé réttilega boðaður í samræmi við grein 4.3 í samþykktum félagsins.

Bar fundarstjóri þá afstöðu sína undir fundinn og hreyfði enginn fundarmanna andmælum við henni.

Fundarstjóri gerði, með vísan til greinar 4.6 í samþykktum félagsins, fundinum fyrir þeim framboðum til stjórnar félagsins og annarra embætta sem liggja fyrir fundinum. Þau framboð sem borist hafa eru eftirtalin: Markús Elvar Pétursson býður sig fram til formanns Þyts, Þura Z. Þórðardóttir og Rán Pétursdóttir bjóða sig fram sem meðstjórnarmenn í stjórn Þyts, Pétur Már Jónasson og Ágústa Valdís Sverrisdóttir bjóða sig fram sem varastjórnarmenn í stjórn félagsins, Jökull Már Pétursson og Petrína Soffía Eldjárn bjóða sig fram sem skoðunarmenn reikninga félagsins.

Því næst var gengið til hefðbundinna aðalfundarstarfa samkvæmt lögum Siglingaklúbbsins Þyts.

1. SKÝRSLA STJÓRNAR

Markús Pétursson, formaður félagsins gerði grein fyrir starfsemi félagsins á liðnu starfsári, en skýrsla stjórnar er meðal gagna fundarins. Í máli hans kom meðal annars fram að aðalfundur Siglingaklúbbsins Þyts hefði síðast verið haldinn sunnudaginn 13. febrúar 2022. Hefði Markús Elvar Pétursson verið þar sjálfkjörinn formaður félagsins án mótframboðs.

Þá hefði jafnframt verið kosið í þrjú sæti stjórnarmanna og hefðu Helga Veronica Foldar og Daniel Pétursson verið kjörin til tveggja ára, en Rán Pétursdóttir hefði verið kjörin stjórnarmaður til eins árs í stað Margrétar Birnu Þórarinsdóttir hvarf úr stjórn af persónulegum ástæðum. Þá hefðu varamenn í stjórn verið kjörnir Ólafur Stefán Arnarsson og Berglind Rún Traustadóttir.

Gat formaður þess að þeir Þórður Helgason og Jökull Már Pétursson hefðu verið kosnir skoðunarmenn reikninga félagsins, auk þess sem Petrína Soffía Eldjárn var kjörin varaskoðunarmaður reikninganna.

Gat formaður þess, að í kjölfar aðalfundarins hefði skipan stjórnar verið hér segir:

Formaður var Markús Elvar Pétursson, kjörinn til eins árs

Varaformaður var Arnar Þór Stefánsson, kjörinn til tveggja ára 2021 og 2022

Gjaldkeri var kjörinn Helga Veronica Foldar og var hún kjörin til tveggja ára 2022 og 2023

Ritari stjórnar var kosin Rán Pétursdóttir, en hún var kosin til eins árs 2022

Meðstjórnandi var Daniel Pétursson, kjörinn til tveggja ára 2022 og 2023

Varamaður var Berglind Rún Traustadóttir, kjörin til eins árs 2022

Varamaður var Ólafur Stefán Arnarson, kjörinn til eins árs 2022

Stjórn félagsins hefði ákveðið að til þess að halda sem bestu sambandi við starfið og félagsmenn, væri rétt að veita formönnum deilda seturétt, málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum og hefði það fyrirkomulag gefist vel. Formennirnir deilda á starfsárinu voru eftirtaldir:

Formaður kjölbátadeildar var Jóhann Tryggvi Jónsson

Formaður kænudeildar var Ríkharður Ólafsson

Formaður kayakdeildar var Jón Kristinn Þórsson

Formaður upplýsti fundinn um að árið 2022 hefði verið áhugavert ár í starfsemi félagsins. Heimsfaraldri Covid-19 hefði lokið og hefði allt litið út fyrir að verða eðlilegt. Árið hefði hins vegar verið rólega af stað, og kuldi í janúar og febrúar hamlað siglingum. Kajakstarfið hefði verið stöðugt og rólið hefði verið á sunnudögum. Kænusiglingar hjá æfingahópnum hefðu hafist byrjun mars, en fram að því hefðu verið landæfingar á þriðjudögum, föstudögum og laugardögum. Kjölbátasiglingar hefðu hafist strax þegar kuldakasti linnti í lok febrúar og hefði Skegla verið í stöðugri notkun auk skútunnar Lufu sem Þytur hafði leyfi til að nota í klúbbstarfinu.

Grunnskólarnir í Hafnarfirði hefðu byrjað að koma í heimsókn eftir páska og hófust heimsóknir 6. bekkinga í byrjun maí og tók Þytur á móti 21 bekk þetta árið með góðum árangri. Gat formaður þess að Sigurður Guðmundsson og Kerfi ehf. hefðu stutt vel við starfið og lánað félaginu að vanda kakó vél og gaf kakó fyrir krakkana í lok heimsóknarinnar.

Samhliða heimsóknum 6. bekkinga hefði félagið byrjað að halda opin hús á fimmtudögum og laugardögum og hefði strax orðið góð mæting hjá þeim krökkum sem höfðu áður komið í 6. bekkjar heimsóknina, sem og systkinum þeirra. Opnu húsin hefðu staðið fram í október við góða aðsókn.

Gat formaður þess að til þess að starfið í kringum opna húsið gæti dafnað enn frekar þurfi að bæta skipulagið og þurfi það að vera forgangsmál nýrrar stjórnar. Einnig sé nauðsynlegt að skoða leiðir til að þau ungmenni sem mæta á opið hús hjá Þyt teljist til iðkenda samkvæmt skilgreiningum ÍBH og ÍTH.

Kom fram í máli Markúsar að stjórn Þyts vilji þakka öllum sem komu að framkvæmd opinna húsa á árinu fyrir þeirra frábæra starf.

Markús ræddi sérstaklega, það hefði verið athyglisvert við þetta starfsár að lítið sást af fullorðnu fólki í starfinu. Kenningar hefðu verið uppi um að þessi hópur væri að missa sig í vinnu og utanlandsferðum eftir að Covid-19 sóttvarnir voru felldar niður.

Í máli Markúsar kom fram að félagið stæði nú mjög vel hvað bátakost varðar. Áætlanir hefðu verið uppi um endurnýjun á bátum félagsins og hefði félagið fest kaup á sex nýjum RS-Zest kænnum og einum RS-Ventura bát. Félagið hefði fengið tvær milljónir frá Hafnarfjaðarbæ upp í kaup á tveim RS-Areo kænnum en Þytur sjálfur lagt til afgang kaupverðsins. Þá hefði Þytur fest kaup á tveim SUP brettum sem hefðu nýst vel því vöxtur hefði verið í því starfi og beri María Sif Guðmundsdóttir hitann og þungann af því.

Í máli formanns kom fram að hinar nýju kænur væru fyrst og fremst hugsaðar í barnastarfið. RS-Zest bátarnir kæmu í staðinn fyrir Topper Topaz bátanna sem væru komnir til ára sinna og hefðu þurft að þola mikið í gegnum tíðina. Þá muni RS-Ventura báturinn nýtast vel til að kynna siglingar fyrir börnum sem sækja námskeið hjá félaginu, auk þess sem allir þessir bátar muni nýtast vel á opnum húsum í framtíðinni og RS-Ventura báturinn þá sérstaklega, þar sem hann sé mjög góður fjölskyldubátur. RS-Ventura sé einnig góður til að kenna fullorðnum sem áhuga hafa á að læra siglingar.

Til viðbótar framangreindum kænnum festi Þytur einnig kaup á tveimur RS-Aero bátum sem félaginu bauðst að kaupa eftir alþjóðlega RS-Aero mótið sem haldið var hjá siglingaklúbbnum Nökkva á Akureyri. Gat formaður þess að RS-Aero bátarnir séu hugsaðir fyrir siglingafólk sem náð hefur góðum tókum á Laser. RS-Aero séu léttari og snarpari bátar en Laser en að sama skapi viðkvæmari. Stjórn Þyts hafi þótt þetta góður kostur þar sem bátarnir fengust með góðum afslætti en það væri mikilvægt að gefa iðkendum sem komnir eru langt á Laser kænnum valkost, þar sem RS-Aero sé að keppa við Laserinn um að verða ólympískur bátur.

Í máli formanns kom fram, að á starfsárinu hefði Þytur haft tvo kjölbáta í notkun; þarna hefði verið í stöðugri notkun en einnig hefði félagið haft aðgang að kjölbátum Lufu. Gat hann þess að Skegla hefði staðið inni síðasta árið og vanti aðeins herslumuninn til að klára kjölinn bátum til að hægt sé að hefja notkun hans.

Þá gat formaður þess að Þytur hefði að venju haldið Opnunarmót kjölbáta þann 21. maí síðastliðinn. Fjórir bátar hefðu verið skráðir til keppni og tókst mótshaldið vel í framkvæmd vask hóps félagsmanna.

Formaður gat þess að félagsmenn hefðu verið duglegir að sigla bátum sínum í sumar. Island Star hefði verið siglt til Englands á sölu, Yahoo hefði verið siglt til Danmerkur og væri hún núna á Englandi. Þá hefði Xena náð síðasta veðurglugganum frá Íslandi til Skotlands mun hún núna vera á leið til Frakklands, Svea María hefði þá farið ófár ferðir út á fjörðinn, svo afreka einhverra félagsmanna væri getið.

Í máli formanns kom fram að hjá Þyt hefðu dvalið sex gestaskútur á árinu í lengri eða skemmri tíma. Gestaskútunefnd sinni upplýsingagjöf, móttöku og þjónustu við skúturnar samkvæmt samningi sem Þytur hefði gert við Hafnarfjarðarhöfn. Gat formaður þess að mikil ánægja ríkti með aðstöðuna og móttökur Þyts. Nú í vetur væri búið í þremur skútum í Flensborgarhöfn.



Formaður gat þess að kayakstarfið í Þyt hefði vaxið jafnt og þétt undir stjórn Jóns Kristins og góðs kjarna af ræðurum sem hefðu skipst á að halda úti samröðri á sunnudögum.

Reglulega, hefðu öryggisatriði verið æfð og þá hefði Þytur tekið Sundhöllina á leigu til að æfa einmenningsveltuna.

Formaður gat þess að gott samstarf hefði verið Kayakklúbbinn í Reykjavík og mikill samgangur verið milli félaganna. Hefði m.a. verið haldið fjögurra stjórnun leiðbeinendanámskeið í aðstöðu Þyts sem Kayakklúbburinn hefði skiplagt. Námskeiðið hefði gengið vel og hefði Jón Kristinn verið meðal þátttakenda. Sagði formaður að það hefði verið góð nýting á sjókayökum Þyts á árinu og margir nýir iðkendur hefðu komið í félagið í gegnum kayak og róðrastarfið.

Þá upplýsti formaður að SUP eða róðrabretti væri sport sem hefði náð vinsældum erlendis og væri keppt í þessu víða í dag. Íslendingar væru þó á byrjunarreit. María Sif Guðmundsdóttir hefði séð um samröður á SUP og hefði nú myndast kjarni hjá Þyt sem stundar SUP róður reglulega. Þytur væri með tvö bretti í láni frá Guðmundi Fylkissyni en Þytur hefði keypt tvö bretti til viðbótar. SUP brettin væru vinsæl á opnum húsunum hjá Þyt. Kom fram í máli formanns að fráfaramandi stjórn hvetti nýja stjórn til að sinna uppbyggingu á SUP starfi og vinna að því að SUP róður verði keppnisgrein á Íslandi undir merkjum SÍL.

Varðandi frekari uppbyggingu á starfsemi félagsins gat formaður þess að það væri ljóst að vegna fjölgunar iðkenda þurfi Þytur að tryggja fjármuni til að halda úti starfi íþróttastjóra. Þytur hefði tækifæri á að hefja barnastarf sem tengist róðri gat hann þess að fráfaramandi stjórn hvetti næstu stjórn til að vinna í því í samstarfi við aðra klúbba á landinu.

Varðandi aðstöðumálin gat formaður þess að Þytur væri nú með tvo gáma fyrir utan girðingu og væru þessir gámar báðir fullir af bátum Þyts og bátum félagsmanna sem stunda róður hjá Þyt. Gámarnir tveir sem eru inni í girðingu séu að mestu leyti notaðir undir geymslu á kayökum Þyts. Það verkefni biði því næstu stjórnar að nýta það geymslupláss betur og leita leiða til að auka geymsluplássid því það sé ljóst að stærsti straumur nýrra félaga liggur í gegnum kayaksportið og þaðan yfir í skútusiglingarnar.

Gat formaður þess að það hefði verið glæsilegt kvennalið frá Þyt sem tók þátt í róðrakeppninni á sjómannadaginn og varð í fyrsta sæti.

Formaður gat þess að það væri ánægjulegt að rétt rúmlega 25 ungmenni hefðu stundað kænuaefingar hjá Þyt á árinu. Þytur væri kominn á svipaðan stað með barnastarfið og félagið var 2018. En með öllum þessum ungmönnum kæmu flottir foreldrar að starfinu. Það hefði verið mikil vinna síðastliðin þrjú ár að rífa barnastarfið upp aftur og koma því á þennan stað. Formaður taldi hins vegar efni til að gera betur, en að markmið sé að hjá Þyt æfi milli 50 og 75 ungmenni í skipulögðu starfi. Til þess að það markmið náist þurfi að bæta kænukost félagsins og fjölga þjálfurum.

Í máli formanns kom fram að Þytur hefði haldið úti öflugum vetrarstarfi í upphafi árs og hefði verið siglt á laugardögum þegar færi gafst. Ýmislegt hefði verið brallað þess á milli til að rækta félagsandann og fræðast um hluti tengda siglingum. Um miðjan mars hefðu svo siglingar á virkum dögum hafist.

Formaður upplýsti félagsmenn því næst um þátttöku Þytsfólks í siglingakeppnum ársins. Þar hefði Þytur mætt með sjö keppendum á opnunarmót kæna sem Ýmir hélt 21. maí. Í Optimist flokki hefði Þytur átt alla keppendum eða fimm; Jóhannes Macrander hefði verið í fyrsta sæti, Kjartan Christiansson í öðru sæti, Marek Ari Baeumer í þriðja sæti, Valtýr Leó Ólafsson í fjórða sæti og Saga Pyykkönen í því

fimmta. Þá hefðu Tóbý Sól Hermannsdóttir og Stefnir Gunnarsson keppt saman á RS-Quest og Tómas Ingi Victorsson keppt á Hansa 303.

Miðsumarsmótið hefði verið haldið hjá Brokey 11. júní. Þar hefði þytur mætt með sex keppendur. Tara Ósk Markúsdóttir hefði keppt á Laser Radial og náð fyrsta sæti. Gabríel Arthúr Pétursson hefði líka keppt líka á Laser Radial og orðið í fjórða sæti. Í Optimist flokki hefðu allir keppendur komið frá þyt, eða fjórir. Marek Ari Baeumer hefði orðið í fyrsta sæti, Valtýr Leó Ólafsson orðið í öðru sæti, Saga Sól Pyykkönen orðið í þriðja sæti, en Franze Rögnvaldsson orðið í fjórða sæti.

Formaður gat þess að æfingabúðir SÍL hefðu verið haldnar í Reykjanesbæ, að þessu sinni hjá Siglingafélaginu Knörr, dagana 26. júní til 2. júlí. Þar hefði þytur átt átta þátttakendur og hefði Jaana Johanna Granlund verið fararstjóri en notið aðstoðar annarra foreldra. Æfingabúðirnar hefðu tekist vel og gat formaður þess að mun betur hefði verið staðið öllum undirbúningi nú en undanfarin ár.

Gat formaður þess að á æfingabúðamótinu sem haldið hefði verið í lok æfingabúðanna hefði Veronica Sif Ellertsdóttir orðið í fyrsta sæti og Valtýr Leó Ólafsson í öðru sæti í Optimist flokki og hefðu Saga Sól Pyykkönen, Margrét Þórhildur Victorsdóttir, Marek Ari Baeumer og Valentín Jorgensson Genov einnig keppt á Optimist. Þá hefði Tara Ósk Markúsdóttir tekið þátt á fyrri keppnisdegi æfingabúðamótsins á Laser Radial og endað í öðru sæti.

Gat formaður þess að þytur hefði átt alla Optimist siglarana sem Siglingasamband Íslands sendi á Norðurlandamót ungmenna sem haldið var í Helsinki í Finnlandi. Þetta hefði verið mikil reynsla fyrir okkar keppendur, en þau sem fóru hefðu verið Marek Ari Baeumer, Veronica Sif Ellertsdóttir, Valtýr Leó Ólafsson og Kjartan Christiansson. Helga Veronica Foldar fór sem fararstjóri fyrir allan landsliðshópinn.

Þá gat formaður þess að þytur hefði haldið Íslandsmót kæna dagana 3. til 7. ágúst. Gat formaður þess að það hefði verið flottur flottur hópur félaga sem sá um framkvæmd mótsins. Þytur hefði mætt með 11 keppendur til leiks. Keppendurnir hefðu verið Jóhannes Macrander, Valtýr Leó Ólafsson, Kjartan Christiansson, Veronica Sif Ellertsdóttir, Margrét Þórhildur Victorsdóttir, Tara Ósk Markúsdóttir, Gabríel Arthúr Pétursson, Mikael Lárus Thorarinsen, Rúnar Steinssen og Tóbý Sól Hermannsdóttir. Hefði keppni á Optimist farið þannig að þytskeppendur voru í fyrstu þremur sætunum. Jóhannes Macrander hefði orðið í þriðja sæti, Valtýr Leó Ólafsson hefði orðið í öðru sæti og Kjartan Christiansson orðið Íslandsmeistari á Optimist 2022. Þess megi geta að Pétur Már Jónasson sem nú er þjálfari hjá þyt varð síðast Íslandsmeistari fyrir þyt á Optimist 2018. Það hefði verið mikil vinna að koma keppnishóp þyts á sama stað eftir lögðina sem starfið fór í gegnum 2018 og 2019. Til viðbótar framansögðu, hefðu Tara Ósk Markúsdóttir og Gabríel Arthúr Pétursson keppt á Laser Radial. Mikael Lárus Thorarinsen hefðu orðið í öðru sæti í opnum flokki og Tóbý Sól Hermannsdóttir hefði keppt á Laser 4,7. Rúnar Steinssen, sem var aldursforseti mótsins, keppti á Finn og varð í þriðja sæti í opnum flokki.

Nökkvi sá að vanda um lokamótið, en það sé vonandi að festast í sessi því það tryggi alla vega eina keppnisferð til Akureyrar á hverju ári sem sé alltaf tilhlökkunarefni. Í Optimist flokki hefði Veronica Sif Ellertsdóttir orðið í fyrsta sæti, Marek Ari Baeumer í öðru sæti og Kjartan Christiansson í þriðja sæti. Einnig hefðu þau Jóhannes Macrander, Saga Sól Pyykkönen, Vaka Margrét Gylfadóttir, Haraldur Wilhelm Þórisson og Elísa Axelsdóttir keppt á Optimist. Í flokki Laser 4.7 hefði Mikael Lárus Thorarinsen orðið í fyrsta sæti og Tóbý Sól Hermannsdóttir í öðru sæti.

Kom fram í máli formanns að í heildina hefðu keppendur frá Þyt 22 sinnum ratað á pall á keppnum sumarsins sem væri glæsilegur árangur.

Formaður gat þess að öryggisbátapjálfunin hefði verið með svipuðum hætti og undanfarin ár. Þjálfað hefði verið eftir fyrirmynd Advanced Power Boat og Safety Boat bókunum frá RYA. Æfingarnar hefðu farið fram á miðvikudagskvöldum hefðu þær verið vel sóttar. Það væri samt nauðsynlegt að gera breytingar til að þjálfunin verið markvissari. Til dæmis mætti halda eins dags námskeið í grunnatriðunum og æfa þau vel. Þannig væri hægt að fara dýpra í efnið á föstu æfingunum á miðvikudögum og hafa verkefni viðameiri.

Áréttaði formaður að það væri mjög mikilvægt að vel væri staðið að þjálfun og kennslu á öryggisbáta félagsins. Það væri vandasamt verk og því fylgi óendanlega mikil ábyrgð að stjórna svona öflugum tækjum eins og öryggisbátar Þyts séu, innan um fólk í sjónum. Það sé alveg ljóst að einstaklingur sem æfir sig reglulega sé betur undirbúinn. Það sé alls ekki nóg að fara á stutt námskeið til að verða hæfur til að stjórna öryggisbát innan um fólk í sjónum. Það að innan félagsins sé stór vel þjálfaður hópur einstaklinga á öryggisbátana, sé mikilvægt til að styðja við allt annað starf sem fram fer hjá Þyt.

Varðandi nýsmíði og viðhald á aðstöðu og búnaði félagsins, gat formaður þess að Haukur Vagnsson hefði gefið Þyt hljóðkerfið í salinn og sett það upp meðan hann bjó um borð í Jömmu síðasta vetur. Honum væri kærlega þökkud þessi gjöf sem geri félagi kleift, ásamt öðru, að hækka leiguverð á salnum þannig að salurinn verði meiri tekjulind fyrir félagið. Formaður gat þess að gömlu kajakarnir hefðu fengið enn eina upplyftinguna þegar Jón Ragnar ráðist í að laga nokkra báta. Þá hefði Jóhann Berthelsen fundið leið til þess að setja bót á kjölinn á Costco kajakunum. Þannig hefði reynst hægt að lappa upp á góðan flota sem hefði dugað ágætlega í gegnum sumarið.

Formaður gat þess að það hefði verið vaskur hópur fólks sem hefði mætt mætti á vinnukvöld á vormánuðum undir stjórn Daniels Péturssonar og hefðu hópurinn m.a. málað ganginn sett upp ný led ljós á ganginn, á kaffistofuna, miðherbergið og skrifstofuna. Einnig hefðu verið sett ný led ljós í búningsklefana og klósettin í frammi. Núna eigi bara eftir að skipta um ljósin inni í sal og á seglaloftinu.

Gat formaður þess að íhaust hefði tíminn á vinnukvöldunum verið nýttur í að mála forstofuna, búningsklefana og seglaloftið. Jón Ragnar hefði haft yfirumsjón með vinnukvöldunum ásamt því úrvals liði sem mætt hefði. Gat formaður þess að þessi vinna muni halda áfram á miðvikudögum og líklega bætt í og líka unnið á þriðjudagskvöldum því nóg sé af verkefnum.

Formaður gat þess að Þytur hefði að venju boðið sjöttu bekkingum í Hafnarfirði í heimsókn og hefðu allir 6. bekkir þegið boðið eða 21 bekkur alls. Til marks um stöðu þessa viðburðar í vordagskrá sjöttu bekkja hafi skráning ekki tekið nema þrjá daga. Pétur Th. Pétursson hafi séð um samskipti við skóla og kennara. Markús Pétursson ásamt góðum hóp félagsmanna hafði síðan séð um framkvæmdina. Hefðu þessi heimboð að venju mælst mjög vel fyrir og skili þau félaginu klárlega iðkendum og betri aðsókn í sumarnámskeiðin. Þetta hjálpi til að hefja opnu húsin á fimmtudögum og laugardögum með meiri krafti en ella því krakkarnir séu dugleg að mæta í framhaldinu af heimsókninni. Gat formaður þess að heimsóknirnar fælu í sér mikla vinnu á dagvinnutíma og því ekki auðvelt að finna félagsmenn sem gætu sinnt þessu. Það hefði verið rætt í fyrra að það aflu peningar frá Vinnuskólanum í þetta verkefni.

Formaður gat þess að síðustu tvo vetur hefði Þytur í samstarfi við sérdeildir Setbergsskóla og Hraunvallaskóla og Klettinn verið með starf fyrir ungmenni með sérþarfir. Þetta starf hefði tekist mjög vel og væru allir aðilar sem koma að því mjög ánægðir með árangurinn. Starfið með þessum ungmennum væri mjög fjölbreytt og sniðið að þörfum hvers og eins. Gat formaður þess að Þytur biði

upp á allt frá upplifun sem fælist í því að komast út á sjó á öryggisbátum félagsins upp í að kenna keppnissiglingar á kænum. Til að koma til móts við þessa einstaklinga hafa verið æfingar á sunnudögum sérstaklega ætlaðar þessum hóp iðkenda.

Formaður gat þess að góð aðsókn hefði verið að sumarnámskeiðum Þyts hefðu öll námskeið verið full. Þátttakendur á námskeiðunum hefðu haft gaman af og hefði framkvæmd námskeiðanna tekist einkar vel í ár. Námskeiðin hefðu skilað tíu ungmennum í æfingahóp Þyts. Gat formaður þess að námskeiðin hefðu verið haldin í samvinnu við Vinnuskólann að þessu sinni og hefði það samstarf gengið vel. Gat formaður þess að það hefði þó reynst erfitt að finna flokksstjóra og starfsmenn 18 ára og eldri til að manna öryggisbáta og til að bregðast við því hefðu námskeiðin verið minnkuð þannig að í stað þess að taka á móti 26 krökkum á hvert námskeið hefði aðeins verið tekið á móti 13.

Formaður gat þess, að eins og flestir viti, þá geri nýtt rammaskipulag fyrir Flensborgarhöfn ráð fyrir því að aðstaða Þyts verði flutt á nýja lóð sem standi til að búin verði til fyrir félagið á Drafnargarðinum. Nú sé komið aðalskipulag en deiliskipulagsvinna fyrir lóð Þyts sé ekki hafin. Aðstoðunefnd Þyts hafi ekki fundað á árinu en Markús Pétursson, Árni Áskelsson og Ólafur Ágúst Axelsson hafi mætt á fundi vegna Hamarshafnarinnar og deiliskipulagsvinnu á henni. Undirbúningur Þyts sé kominn vel á veg og nú liggi fyrir nýrri stjórn að hefja formlegt samtal við Hafnarfjarðarbæ um verkefnið. Það samtal gæti hafist á haustmánuðum. Gat formaður þess að félagsfundum hafi verið lofað til að kynna vinnuna sem unnin hafi verið fyrir félagsmönnum, en málið sé bara ekki komið á það stig að það sé eitthvað til staðar til að sýna.

Lauk Markús máli sínu með því að þakka klúbbfélögum öllum fyrir öflugt og óeigingjarnt starf fyrir þátttöku í starfi félagsins, sem og fráfaramandi stjórnarmönnum félagsins.

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni, í samræmi við samþykktir félagsins, að umræðu um skýrslu stjórnar yrði frestað og færi umræða um skýrsluna fram samhliða umræðu um reikninga félagsins.

2. FRAMLAGNING REIKNINGA OG ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Helga Veronika Foldar, gjaldkeri félagsins, gerði fundinum grein fyrir fjárhag og rekstri félagsins á liðnu starfsári. Ársreikningur félagsins fyrir starfsárið 2022 á fyrir fundinum í fundargögnum. Í máli hennar kom fram að rekstrartekjur Þyts á rekstrarárinu 2022 hefðu verið um 16 milljónir, en rekstrargjöld um 23 milljónir. Tap hefði því orðið af starfseminni upp á um 7 m.kr. Kom fram í máli hennar að eignir félagsins væru í heild metnar á um 84 milljónir króna, hvar af bankainnstæða félagsins næmi um 12 milljónum króna. Gat gjaldkerinn þess að reksturinn hefði í gengið vel og félagið hefði keypt mjög mikið af bátum en í því fælist helsta breytingin í rekstri félagsins milli ára.

Gjaldkerinn gerði því næst fyrir helstu tekju- og gjaldaliðum félagsins. Gat hún þess að helstu tekjuliðir hefðu verið styrkur frá Hafnarfjarðarbæ sem nam tæpum 11 milljónum sem væri um 4 milljónum lægra framlag en árið áður, aðallega vegna vanefnda af hálfu bæjarins. Þá hefði framlag ÍBH hefði numið tæpum 800 þúsund krónum. Þá hefðu félagsgjöld numið röskri hálfri milljón króna og tekjur af sumarnámskeiðum unglinga numið um 2 milljónum króna. Þá hefðu leigutekjur félagsins numið um 1,8 milljónum króna.

Gjaldkerinn gat þess að launakostnaður félagsins hefði lækkað um 1,4 milljónir milli ára, sem útskýrðist af mestu af því að kostnaður vegna íþróttastjóra, kr. 2.000.000, væri nú færður sem verktakagreiðsla. Hins vegar hefði eiginlegur launakostnaður aukist lítillega sem kæmi til vegna þess að Þytur hefði greitt aðstoðarþjálfara og ungmennum í vinnuskólaverkefni aukalega fyrir aukavinnu þeirra tengt sumarnámskeiðum.



Gjaldkerinn gat þess að skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkað um 700 þúsund krónur milli ára og væri nú 1,3 milljónir króna, hvar af rúmlega 300 þúsund væru vegna vinnu lögmanns tengt deilum við Hafnarfjarðarbæ og vanefndum bæjarins

Annar kostnaður væri að mestu svipaður og á fyrra ári, en helsta hækkunin þar, auk hækkunar á verktakagreiðslum af framansögðum ástæðum, væri hækkun á ferðakostnaði sem hefði komið til vegna kostnaðar sem hefði verið greiddur vegna mótsferða, en einnig vegna kostnaðar við ferð formanns, ásamt formönnum annarra klúbba, á bátasýningu erlendis þar sem nýjar kænur til starfsins voru skoðaðar. Áður hefði kostnaður við keppnisferðir verið innifalinn í kostnaði við barnastarfið og þessi tilfærsla milli liða útskýrði lækkun á kostnaði við barnastarfið milli ára.

Að öðru leyti hefði annað verið eðlilegt og kostnaður við viðhald eigna verið með svipuðu móti og áður, sem og þeir styrkir sem félaginu hefðu greiðst. Gat gjaldkerinn þess að reikningurinn hefði verið endurskoðaður af hálfu endurskoðanda félagsins, sem og af hálfu kjörinna skoðunarmanna. Engar eftirstæðar athugasemdir af hálfu þessara aðila væru til staðar og hefði reikningurinn verið staðfestur án athugasemda af þeirra hálfu.

Gjaldkerinn var spurður um inneign hjá Hafnarfjarðarbæ og lækkun hennar milli ára. Gerði hún fundinum grein fyrir því að í ársbyrjun 2022 hefði Hafnarfjarðarbær skuldað félaginu rúmar 7 milljónir króna, annars vegar vegna vanefnda á samningsbundnum framlögum en einnig vegna hlutdeildar í kostnaði við kaup á öryggisbát. Töluverður tími hefði farið í úrlausn þessa og hefði lögfræðikostnaður ársins orðið til við það. Að endingu hefði bærinn greitt þessa kröfu. Kröfuna upp á rúmar 2 milljónir sem hefði verið til staðar í árslok 2022 væri að rekja til hlutdeildar bæjarins í bátakaupum ársins 2022 og hefði sú krafa verið greidd í janúarmánuði 2023.

Gjaldkerinn var spurður um það hvað útskýrði tap ársins. Hún svaraði því til að það hefði í rauninni verið fyrst og fremst bátakaup félagsins, en félagið hefði nýtt innstæður sínar til þess að greiða fyrir þau.

3. UMRÆÐA UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA FÉLAGSINS

Að lokinni yfirferð yfir skýrslu stjórnar lýsti fundarstjóri orðið laust til umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Undir þessum lið tóku eftirtaldir til máls:

Árni – spurðist fyrir varðandi það hvort hægt væri að sjá skráningu á rafmagnsnotkun báta og hvort væri hægt að koma þessu inn í reikninga sem sendir væru út.

Markús – sagði það sjálfsagt að veita þær upplýsingar, en erfitt væri að ganga þannig frá hnútunum að hægt væri að sýna þær á útsendum reikningum. Hins vegar lögju öll undirliggjandi gögn fyrir og sjálfsagt að veita aðgengi að þeim til þess að þjónustunotendur gætu kannað réttmæti útsendra reikninga.

Tryggvi – spurðist fyrir um það hvenær félagsgjöld yrði innheimt, í byrjun árs eða síðar.

Gjaldkeri svaraði því til að seinkun á innheimtu árgjalda á síðasta ári væri að rekja til mistaka sem hefðu valdið því að þó svo þyt hefði birst staðan þannig að reikningar hefðu verið sendir út þó svo hefði ekki verið í raun. Eftir talsverða eftirgrennsan hjá Íslandsbanka hefði komið í ljós að merkingu vantaði í kerfi bankans sem olli því að reikningarnir voru ekki sendir út á þann veg að þeir birtust í heimabönkum félagsmanna þó svo kerfi félagsins sýndi að reikningarnir hefðu verið sendir. Þetta



hefur nú verið lagað til frambúðar. Hún upplýsti um það að reikningar fyrir árgjöldum yrðu sendir út nú í beinu framhaldi aðalfundar.

Í tengslum við þessa umræðu benti einn fundarmanna á að greiðsluhlekkur félagsgjalda á heimasíðu félagsins til greiðslu félagsgjalda, væri ekki virkur.

Markús - svaraði því að þetta væri þekkt og að til stæði að laga þetta, en að undirliggjandi hugbúnaður væri erfiður viðfangs. Leitað væri lausna.

Fleiri fundarmenn óskuðu ekki eftir því að taka til máls undir þessum lið og lýsti fundarstjóri því umræðum um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins lokið.

4. SAMÞYKKT SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA FÉLAGSINS

Fundarstjóri upplýsti fundinn um það, að afmarka þyrfti hverjir skyldu hafa atkvæðisrétt á fundinum, því vegna galla á útsendingu félagsgjalda á sl. ári væri ekki ljóst við hvaða tímamark væri rétt að miða. Gerði hann að tillögu sinni að þeir félagsmenn sem greitt hefðu félagsgjald vegna ársins 2021 skyldu hafa atkvæðisrétt á fundinum. Gat hann þess að þetta væri vissulega ekki samkvæmt lögum félagsins, en þar sem útsending reikninga á árinu 2022 hefði misfarist þyrfti að taka afstöðu til þessa.

Fundurinn samþykkir tillögu fundarstjóra samhljóða.

Því næst bar fundarstjóri skýrslu stjórnar félagsins fyrir árið 2022 borin undir atkvæði fundarmanna.

Fundurinn samþykkti skýrslu stjórnar samhljóða.

Þá bar fundarstjóri reikninga félagsins fyrir árið 2022 bornir undir atkvæði undir atkvæði fundarmanna.

Fundurinn samþykkti reikninga félagsins fyrir árið 2022 með atkvæðum allra fundarmanna nema eins, sem greiddi atkvæði gegn skýrslunni.

5. FRAMLAGNING STJÓRNAR Á FJÁRHAGSÁÆTLUN NÆSTA ÁRS

Formaður félagsins, Markús Pétursson gerði grein fyrir fjárhagsáætlun næsta árs. Fjárhagsáætlunin væri byggð á áætlun sem félagi hefði þurft að skila til Hafnarfjarðarbæjar sl. haust vegna fjárhagsáætlunarvinnu bæjarins. Í máli hans kom fram að þessi fjárhagsáætlun sé í raun óskalisti fremur en stefnumarkandi ákvörðun af hálfu stjórnar.

Í máli hans kom fram að félagið hefur óskað þess að fá að kaupa 4 stk. Laser kænur, en kostnaður við hvern bát nemur um 1,2 milljónum króna. Bærinn hafi hins vegar aðeins boðið fram 800 þúsund krónu styrk til kaupanna og því sé ljóst að ekki verði ráðist í kaupin að svo stöddu, því styrkurinn dugi bara til flutnings bátanna til Íslands. Nauðsynlegt sé að félagið sé í samfloti með öðrum siglingafélögum við svona kaup til þess að halda flutningskostnaði niðri. Núna sé staðan þannig að í raun eru aðeins 2 af Laserbátum félagsins hæfir til keppnisnota. Þessi kaup þurfi að vera í forgangi fram yfir kaup á öðrum RS Venture bát.

Formaður gat þess líka að nauðsyn sé á viðhaldi gæslubáta, en að kostnaður við þá komi að öllu leyti úr sjóðum félagsins. Núna þurfi til dæmis að skipta um gúmmípylsu á einum bátanna, en hún hefur verið skemmd frá árinu 2019 þegar hún rifnaði og fullnægjandi viðgerð hafi ekki fengist.

Formaður gat þess líka að félagið hafi áhuga á kaupum á fleiri RS Venture kænum þar sem sá bátur gefi kost á að fara með fleiri nemendur í einu og þannig einfalda sumarnámskeiðahald félagsins og fækka þeim leiðbeinendum sem þar er þörf á. Til standi einnig að smíða stærri árabáta fyrir klúbbinn í sama augnamiði.

Formaður gat þess að klúbburinn hefði hug á að kaupa bát af tegundinni Hansa sem henti vel fyrir siglinga fatlaðra. Ljós sé hins vegar að peningar til þeirra kaupa muni hugsanlega koma frá Hafnarfjarðarbæ, en ekki frá ÍTH og að þá þurfi að sækja annað.

Þá gerði formaður grein fyrir því að félagið langi til að kaupa fleiri byrjendakayaka, helst af tegundinni Islander Bolero 14, því þeir hafi sannað sig rækilega í starfi félagsins, sem þægilegir og öruggir bátar fyrir byrjendur og einfaldir í rekstri og viðhaldi. Mikil eftirspurn sé eftir slíkum bátum meðal iðkenda.

Þá upplýsti formaður um að félagið myndi vilja kaupa fleiri róðrarbretti vegna mikils áhuga á þesskonar róðri.

Formaður áréttaði að verðmiðinn á óskalista félagsins sé um 11 milljónir króna, en að Hafnarfjarðarbær hafi einungis lofað 800 þúsundum, á sama tíma og samningur bæjarins við félagið kveður á um að bærinn eigi að borga 6 m.kr. Það sé því ljóst að langur vegur sé í að óskalistinn fái uppfalltur.

Formaður fór því næst yfir forgangsörðun viðhaldsverkefna. Hann gat þess að bætt lýsing á athafnasvæði félagsins sé í forgangi og þar að baki komi verkefni á borð við viðhald á búningsklefum, viðhald á verkstæði og endurnýjun girðingar og hurðar á henni. Þá þurfi að endurnýja tvær sprungnar rúður í sal.

Formaður gat þess að Hafnarfjarðarbær eigi 80% í húsinu og greiði kostnaðinn við viðhald þess. Kostnaðurinn við það viðhald sem þarf að ráðast í sé um 6 m.kr. og séu þeir fjármunir eyrnamerkir af Hafnarfjarðarbæ.

Formaður ræddi ýmsa þætti í starfsemi félagsins þessu tengt. Hann ræddi sérstaklega að mikilvægt væri að félagsgjöld félagsins innheimtust betur, en þau hefðu nú verið um 400 þúsund krónum lægri en ella vegna óhapps í útsendingu innheimtukrafna. Hann ræddi líka að mikilvægt væri að innheimta æfingagjöld, aðallega til að gera félaginu kleift að innheimta tólmstundastyrk vegna þeirra barna sem æfa hjá félaginu.

Formaður ræddi líka þá von að það tækist að koma sumarnámskeiðum í það horf að þau gæfu jafn miklar tekjur og áður var. Sama gildi um kjölbátanámskeið fullorðinna, en þá þurfi fleiri leiðbeinendur. Þá lýsti formaður því að félaginu væri nauðsyn að hækka leigutekjur af sal félagsins þannig að hann verði meiri tekjulind. Gat hann þess að félagið áætli aðeins um 400.000 kr. í tekjur af salnum á árinu, en að Ýmir í Kópavogi hafi haft um 2 m.kr. í árlegar tekjur af sínum sal mörg undanfarin ár.

Formaður minnst að lokum á það, að áætlaður rekstrarkostnaður væri í raun bara byggður á rauntölum úr rekstri félagsins og því að öllu leyti raunhæfur. Ekki væri von á miklum afskriftum umfram það sem verið hefði, þar sem duglega hefði verið afskrifað undanfarin ár.

Því næst svaraði Markús spurningum fundarmanna um rekstraráætlun ársins 2023

Árni – spurðist fyrir um það hvort til standi að setja upp öryggismyndavélar í aðstöðu félagsins.

Formaður – svaraði því til að það væri ein slík í portinu, en það þyrfti að fá 3 í viðbót svo vel væri. Sú eina sem væri til staðar fylgdist með gæslubátum félagsins, af góðri ástæðu. Hann upplýsti um það, að það standi til að setja upp þráðlausar myndavélar sem skila myndiefni inn á miðlægan gagnagrunn inni í húsinu, en það sé eitthvað sem félagið þurfi að greiða sjálft.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að tjá sig um fjárhagsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár, en hún er samkvæmt ákvæðum samþykktu félagsins aðeins lögð fram til upplýsingar en ekki samþykktar af hálfu aðalfundarins. Enginn fundarmanna þekktist það boð.

6. TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á LÖGUM OG REGLUM FÉLAGSINS

Fundarstjóri gerði fundinum grein fyrir því að samkvæmt ákvæðum greinar 4.4. í samþykktum félagsins skuli tillögur til breytinga á lögum félagsins hafa borist félagsstjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir boðaðan aðalfund og skuli þær í kjölfarið hljóta viðhlítandi kynningu á heimasíðu félagsins.

Fundarstjóri upplýsti, með vísan til þessa, að engar tillögur til breytinga á lögum félagsins hafi borist stjórn félagsins innan hins lögmælda frests.

7. AÐRAR TILLÖGUR TIL FUNDARINS

Engar aðrar tillögur lágu fyrir fundinum.

8. STJÓRNARKJÖR

Fundarstjóri gerði fundinum grein fyrir því að samkvæmt ákvæðum greinar 2.4 í samþykktum félagsins, skuli formaður félagsins kosinn árlega, en aðrir stjórnarmenn skuli kosnir til tveggja ára í enn, en þó þannig að aðeins skuli kosið um tvo stjórnarmenn ár hvert. Meðstjórnarmenn félagsins eru 4 og í ljósi þess að þau Arnar Þór Stefánsson og Rán Pétursdóttir hafi verið kosin á aðalfundi félagsins árið 2022, þá skuli kosið um sæti þeirra á aðalfundinum. Að síðustu skuli kosið um sæti tveggja varamanna í stjórn árlega.

Því næst var gengið til stjórnarkjörs.

a. Kosning formanns Siglingaklúbbsins Þyts.

Fyrir fundinum liggur framboð Markúsar Elvars Péturssonar, núverandi formanns félagsins, til áframhaldandi formennsku í félaginu.

Fundarstjóri lýsti því yfir að með því að engin mótframboð hefðu borist væri Markús Elvar sjálfkjörinn formaður Þyts fram til aðalfundar 2023.

b. Kosning tveggja meðstjórnarmanna í stjórn Siglingaklúbbsins Þyts.

Meðstjórnarmenn félagsins eru 4 og koma tvö stjórnarsæti til kjörs nú. Eru þau sæti sem þannig eru til kjörs á þessum fundi sæti stjórnarmannanna Arnars Þórs Stefánssonar og Ránar Pétursdóttur.

Fyrir fundinum liggja eftirfarandi framboð til meðstjórnarsæta í Siglingaklúbbnum þyt:

Pura Z. Þórðardóttir, meðstjórnarsæti til eins árs.

Rán Pétursdóttir, meðstjórnarsæti til tveggja ára.

Fundarstjóri lýsti því yfir að með því að frekari framboð hefðu ekki borist, væru ofangreindir einstaklingar rétt kjörnir meðstjórnarmenn í Siglingafélaginu þyt allt í samræmi við ofangreinda tilgreiningu við framboð þeirra.

c. Kosning tveggja varastjórnarmanna

Varastjórnarmenn félagsins eru tveir og koma sæti beggja til kjörs árlega.

Fyrir fundinum liggja eftirfarandi framboð til varastjórnarsæta í Siglingaklúbbnum þyt:

Pétur Már Jónasson.

Ágústa Valdís Sverrisdóttir.

Fundarstjóri upplýsir að, með vísan til þess að frekari framboð til varastjórnar félagsins bárust ekki, þá séu ofangreindir einstaklingar rétt kjörnir varastjórnarmenn í Siglingafélaginu þyt til aðalfundar 2024.

Fundurinn bauð nýjan formann, stjórnar- og varastjórnarmenn velkomna til starfa með lófataki.

9. ÁKVÖRÐUN FÉLAGSGJALDA

Formaður kvaddi sér hljóðs undir þessum lið og gerði hann það að tillögu sinni að félagsgjald verði óbreytt, kr. 10.000, sem væri fjölskyldugjald sem veitti einum meðlim hvern fjölskyldu atkvæðisrétt á félagsfundum.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum færi á að tjá sig um tillögu formanns félagsins.

Spurning barst frá einum fundarmanni um það hvort hægt væri að skipta gjaldinu í tvennt og að það kæmi þannig til greiðslu tvisvar á ári.

Formaður og gjaldkeri tóku bæði til máls og gerðu grein fyrir því að það væri ekki hægt, m.a. vegna þess að óljóst væri hvernig færi um atkvæðisrétt hlutaðeigandi og önnur réttindi í félaginu ef aðeins helmingur gjaldsins væri greiddur. Hins vegar upplýstu þau um það að ef um greiðsluferfiðleika væri að ræða hjá félagsmanni, þá myndi stjórn gera allt í sem í hennar valdi stæði til að greiða götu þess félagsmanns.

Engir fleiri óskuðu eftir að fá tækifæri til að tjá sig um tillögu formanns.

Fundarstjóri bar því næst tillögu formanns undir atkvæði fundarins og var hún samþykkt samhljóða.

10. KOSNING SKOÐUNARMANNA REIKNINGA FÉLAGSINS

Fundarstjóri gerði fundinum grein fyrir því að samkvæmt ákvæðum greinar 2.5 í samþykktum félagsins skuli árlega kjósa 2 skoðunarmenn reikninga félagsins og einn til vara.

Fyrir fundinum lágu framboð eftirtalinna einstaklinga til embætta skoðunarmanna reikninga félagsins:

Jökull Mar Pétursson

Petrína Soffía Eldjárn

Fundarstjóri upplýsir að, með vísan til þess að frekari framboð til embætta skoðunarmanna reikninga félagsins hefðu ekki borist, þá séu ofangreindir einstaklingar rétt kjörnir skoðunarmenn reikninga í Siglingafélaginu þyt til aðalfundar 2024.

Varaskoðunarmaður reikninga félagsins er einn og kemur sæti hans til kjörs árlega.

Fundarstjóri upplýsti fundinn um að ekkert framboð hefði borist til þessa embættis og skoraði hann á fundarmenn að gera tillögu að varaskoðunarmanni eða lýsa yfir framboði.

Bjarki Þór Jónsson bauð sig þá fram sem varaskoðunarmann reikninga félagsins og var hann sjálfkjörinn til embættisins.

11. KOSNING ÞINGFULLTRÚA Á ÞING SÍL

Fundarstjóri gerði fundinum grein fyrir því að samkvæmt ákvæðum greinar 4.7.13 í samþykktum félagsins skuli árlega kjósa fulltrúa félagsins á ársþing Siglingasambands Íslands (3 einstaklingar).

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar félagsins um að eftirgreindir einstaklingar yrðu fulltrúar félagsins á umrætt ársþing Siglingasambands Íslands:

Markús Elvar Pétursson

Helga Veronica Foldar

María Sif Guðmundsdóttir

Engin frekari framboð bárust og lýsti fundarstjóri því yfir að þessir einstaklingar væru þannig rétt kjörnir þingfulltrúar þyts á ársþing Siglingasambandsins.

12. ÖNNUR MÁL

Enginn fundarmanna óskaði eftir að taka til máls undir þessum lið.

Fleiri voru ekki á mælendaskrá.


Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir og var fundinum slitið kl. 15.26

Formaður þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn.

Þannig fram farið.



Finnur Torfi Stefánsson, fundarstjóri.



Þórður Ólafur Þórðarson, fundarritari.

